

Fjallskilanevnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn í þjónustuhúsi Þykkvabæjarklausturskirkju þann 15.ágúst 2022. Mætt eru Pálína Pálsdóttir, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður segir fund settann og býður fundargesti velkomna. Örvar Egill Kolbeinsson tók við formennsku nefndarinnar af Páli Eggertssyni, en þökkum við Páli fyrir gott samstarf. Pálína kemur ný inn í staðinn.

Formaður leggur fram drög að fjallskilaseðli haustið 2022 og hljóðar hann upp á 100 dagsverk. Landverð 40% og fjártala 60% sem fyrr. Fjallskilaseðillinn skoðast samþykktur.

Þormar Ellert Jóhannsson kjörinn fjallkóngur, en Jóhannes Gissurarson gaf ekki kost á sér áfram.

Daggjald á afrétti haustið 2022 er 17.350 kr.

Stefnt á að fara í 1.safn þann 9.september, á föstudegi.

Ákveðið að panta efni til viðhalds mannvirkja. Pantað verður girðingarnet, gaddavír og staurar.

Fundargerð lesin upp og
samþykkt

Fleira ekki tekið
fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Fjallskilaseðill 2022

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar í Skaftárhreppi hefur ákveðið fjallskil haustið 2022 samkvæmt meðfylgjandi skrá.

Áætlaður dagsverkfjöldi við fjallskil í fyrsta, öðru og þriðja safni getur tekið breytingum við uppgjör fjallskila þegar fjallsöfnum er lokið. Miðað er við 100 dagsverk, 40% á landverð og 60% á vetrarfóðraðar kindur.

	Landverð	Landverð dagsverk	Fjártala	Sauðfé dagsverk	Dagsv. alls
Jórvík I	785000	2,21	215	5,99	8,0
Jórvík II	776000	2,18	0	0	2,0
Mýrar	1710000	4,81	315	8,78	13,5
Mýrar II			114	3,18	3,0
Hraungerði	1060000	2,98	181	5,04	8,0
Þykkvabæjarkl.	1895000	5,33	293	8,17	13,5
Norðurhjáleiga	2611000	7,34	287	8,00	15,5
Hraunbær	661000	1,86	0	0	2,0
Efri-Hraunbær	658000	1,85	0	0	2,0
Herjólfstaðir I	1060000	2,98	249	6,94	10,0
Herjólfstaðir II	1060000	2,98	235	6,55	9,5
Holt	915000	2,57	264	7,36	10,0
Skálmarbær	1035000	2,91	0	0	3,0

Í fyrsta safn verður farið föstudaginn 9. sept. og eiga smalar að vera mættir að Skálmarbrú kl. 7:00 árdegis.

Svo sem venja hefur verið er gert ráð fyrir einum smala frá hverjum bæ í fyrsta safn. Fjallskilaskyldur aðili sem ekki getur lagt til smala í fyrsta safn skal tilkynna það fjallkóngi eigi síðar en viku fyrir boðaðan safndag. Sé það ekki gert verður innheimt 50% álag á daggjöld. Fjallkóngur verður Þormar Ellert Jóhannsson, símanúmer: 846-2967, netfang: johannsson87@gmail.com.

Daggjöld á öllum afréttum Skaftárhrepps haustið 2022 verða kr.17.350-. Sem fyrr verða allir reikningar sem framvísað er á skrifstofu Skaftárhrepps að vera samþykktir af fjallskilanefnd.

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar 15/8 2022

Örvar Egill Kolbeinsson
Örvar Egill Kolbeinsson

Þormar Ellert Jóhannsson
Þormar Ellert Jóhannsson

Pálína Pálsdóttir
Pálína Pálsdóttir